

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 2010 í máli nr. S-1118/2009:

Ákærvaldið

(Laufey Kristjánsdóttir fulltrúi)

gegn

Gísla Guðmundssyni

(Jón Þór Ólason hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 14. janúar sl., er höfðað með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 13. október 2009 á hendur Gísla Guðmundssyni, Efstaleiti 12, Reykjavík, fyrir tollalagabrot, með því að hafa föstudaginn 16. janúar 2009, við komu til Keflavíkurflugvallar frá Danmörku, flutt inn til landsins Rolex Oyster armbandsúr að verðmæti 619.164 krónur, 5 silkihálsbindi samtals að verðmæti 63.060 krónur, 21 silkihálsklút samtals að verðmæti 264.852 krónur og leðurhandtösku að verðmæti 56.642 krónur, en ákærði framvísaði tilgreindum varningi eigi með tilskildum hætti við tollgæsluna, heldur gekk með eitt silkihálsbindi, einn silkihálsklút og leðurhandtösku um tollhlið merkt skilti með áletruninni „Enginn tollskyldur varningur“, en samferðamaður hans gekk með annan framangreindan varning, sem tilheyrði farangri ákærða, um sama tollhlið, og fannst sá hluti varningsins sem ákærði hafði meðferðis við leit tollgæslunnar í farangri hans sama dag, en ákærði skilaði öðrum framangreindum varningi til tollgæslu morguninn eftir, þann 17. janúar.

Þetta er talið varða við 1. mgr. 170. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 1. mgr. 169. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á Rolex Oyster armbandsúri, 5 silkihálsbindum, 21 silkihálsklút og leðurhandtösku, sem lagt var hald á, samkvæmt 1. mgr. 181. gr. tollalaga.

Af hálfu ákærða er þess krafist að hann verði sýknaður af ákæru og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr rikissjóði. Jafnframt er upptökukröfu mótmælt. Til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfi og að upptökukröfu verði hafnað. Loks er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins.

Ákærði jatar að hafa viðhaft þá háttsemi sem lýst er í ákæru og gerir ekki athugasemd við þá málavaxtalýsingu sem þar kemur fram. Telst því fram komin sönnun um að hann hafi viðhaft þá háttsemi sem lýst er í ákæru.

Ákærði byggir málsvörn sína á því að honum verði ekki refsað fyrir háttsemina því í ákæru sé eingöngu vísað til ákvæðis 170. gr., sbr. 169. gr., tollalaga nr. 88/2005. Fullnægi þessi lagaákvæði ekki þeim kröfum sem gera verði til refsíákvæða. Ákvæðin hafi ekki að geyma háttnerisreglu heldur feli þau einungis í sér refsireglu. Háttsemi ákærða sé því ekki rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt 1. mgr. 180. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 er dómara rétt að dæma eftir öðrum refsíákvæðum en fram koma í ákæru, enda telji hann að vörn ákærða hafi ekki verið áfátt þess vegna. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tollalaga er hver sá sem flytur vöru til landsins til eigin nota tollskyldur og skal hann greiða toll af hinni innfluttu vöru. Þá segir í b-lið 2. tl. 6. gr. laganna að ferðamenn, búsettir hér á landi, megi hafa varning meðferðis hingað til lands að verðmæti allt að 65.000 króna, miðað við smásöluverð á innkaupsstað, en verðmæti einstaks hlutar skuli þó að hámarki vera 32.500 krónur. Í 2. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi nr. 630/2008 er samhljóða ákvæði. Loks segir í 1. mgr. 27. gr. laganna að ferðamenn, sem koma til landsins frá útlöndum, skuli ótilkvaddir gera tollstjóra grein fyrir tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis. Í 3. mgr. 27. gr. laganna segir jafnframt að þar sem tollafgreiðsla ferðamanna fari fram sé tollstjóra heimilt að hafa aðskilin tollafgreiðsluhlið, annars vegar fyrir þá sem hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður sé sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt sé að flytja til landsins og hins vegar fyrir þá sem hafi engan slíkan varning meðferðis. Farþegar skuli þá sjálfir velja sér tollafgreiðsluhlið og teljist þeir með vali sínu gefa til kynna hvort þeir hafi meðferðis varning sem þeim ber að gera tollgæslu grein fyrir. Fyrir liggur að málið var ítarlega reifað af hálfu ákærða með tilliti til framangreindra sjónarmiða og þykir því rétt að byggja á framangreindum lagaákvæðum við úrlausn málsins. Verður framangreindri málsvörn ákærða því hafnað.

Þegar horft er til þess varnings sem ákærði flutti inn til landsins í greint sinn verður að virða ákærða það til sakar að hafa ekki framvísað honum með tilskildum hætti við tollgæsluna í samræmi við framangreindar reglur. Hefur ákærði með tilgreindri háttsemi sinni gerst sekur um brot gegn 170. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 6. gr. og 3. mgr. 27. gr. sömu laga og 2. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

Samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði gekkst ákærði undir að greiða sekt fyrir umferðarlagabrot á árinu 2006, en það brot hefur engin áhrif við ákvörðun refsingar

í máli þessu. Með hliðsjón af þeim varningi sem um ræðir þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 400.000 króna sekt til ríkissjóðs. Greiðist sektin ekki innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins sæti ákærði vararefsingu sem ákveðst fangelsi í 24 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 181. gr. tollalaga er gert upptækt Rolex Oyster armbandsúr, 5 silkihálsbindi, 21 silkihálsklútur og leðurhandtaska.

Ákærði greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Þórs Ólasonar hdl., 180.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ásgeir Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gísli Guðmundsson, greiði 400.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella fangelsi í 24 daga.

Upptæk eru gerð Rolex Oyster armbandsúr, 5 silkihálsbindi, 21 silkihálsklútur og leðurhandtaska.

Ákærði greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Þórs Ólasonar hdl., 180.000 krónur.

Ásgeir Magnússon